

REGLUGERÐ

111

11. ágúst

um viðauka við reglugerð nr. 25 15. febrúar 1949, um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl.

1. gr.

Ríkissjóður ábyrgist framleiðendum söluverð það á framleiðslu þeirra til útflutnings, sem ákveðið er í 2. gr.:

1. Þorskflök, roðlaus í 1 kg öskjum án cellophan, 25 öskjur í ks. á 25 kg nettó, pr. lb. fob.	kr. 1.62
2. Þorskur, með haus, heilfrystur í 30 lbs. stykkjum, 3 stk. í ks. 90 lbs. nettó, pr. kg fob.	— 1.75
3. Þorskur, hausaður, heilfrystur í 30 lbs. stykkjum, 3 stk. í ks. 90 lbs. nettó, pr. kg fob.	— 1.98
4. Þorskur, hausaður og sporðskorinn, heilfrystur í 30 lbs. stykkjum, 3 stk. í ks. 90 lbs. nettó, pr. kg fob.	— 2.08

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 100/1948 til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 11. ágúst 1949.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

112

12. ágúst

um breyting á reglugerð um gerð og notkun bifreiða, nr. 72 24. júní 1937.

1. gr.

3. gr. orðist þannig:

1. Á hverri bifreið skulu vera tvö skrásetningarmarki, annað framan á og hitt aftan á bifreiðinni. Skal þeim komið fyrir og fest vel á áberandi stað, þar sem eftirlitsmaður bifreiða tiltekur og má aldrei hylja þau og ekkert má skyggja á þau. Hvert lögsagnarumdæmi skal einkennt með bókstaf, sem hér greinir:

Reykjavík	R
Mýra- og Borgarfjarðarsýsla	M
Akraneskaupstaður	E
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	P
Dalasýsla	D
Barðastrandarsýsla	B
Ísafjarðarkaupstaður og Ísafjarðarsýsla	Í
Strandasýsla	T
Húnavatnssýsla	H
Sauðárkrókskaupstaður og Skagafjarðarsýsla	K
Síglufjarðarkaupstaður	F
Ólafsfjarðarkaupstaður	Ó
Akureyrarkaupstaður og Eyjafjarðarsýsla	A
Þingeyjarsýsla	Þ